

## Niðurstöður heysýna og nokkrir punktar um það sem hafa ber í huga við fóðrunina í vetur

Núna hafa borist töluvert mikill fjöldi niðurstaðna heysýna, bæði þeirra sem send hafa verið til Hollands og einnig frá Hvanneyri. Ég hef tekið saman meðaltöl úr þessum niðurstöðum en ákvað að halda þeim aðskildum í uppgjörinu.

Í fyrstu töflunni má sjá að sýnin sem eru send til Hollands eru að meðaltali aðeins blautari en þau sem við sendum á Hvanneyri. En þess ber að geta að það eru mun fjölbreyttari sýni send á Hvanneyri en þar eru ekki bara sýni frá kúabændum, heldur einnig hestamönnum og sauðfjárabændum.

**Meltanleikinn** er að meðaltali sá sami hvort sem sýnin eru greind í Hollandi eða á Hvanneyri og er hann frekar hár þetta árið.

**Prótein-innihaldið** er hátt, það er töluvert hærra meðaltal á sýnunum sem fóru til Hollands en breytileikinn er líka mun meiri á sýnunum sem eru greind á Hvanneyri. En ég get vel sagt að í ár eru heysýni frá kúabændum með miklu próteini. Lægra hlutfall er af lausu próteini í ár en undanfarin ár, en það er vegna þess að heyið er þurrara og þá verður niðurbrotið hægara. Ammoníak er einnig mun lægra núna í ár en það hefur verið undanfarið og má einnig skýra það með herra þurrkstigi.

**Trénið** er passlega mikið í flestum tilfellum. Það er að meðaltali miklu hærra en það hefur verið undanfarin ár en alla jafna er það ekki of hátt, heldur bara mjög passlegt. Ómeltanlega trénið er líka mjög oft lægra.

**Sykurinnihaldið** er gott en það er einnig vegna herra þurrkstigs sem hann varðveitist betur í geymslu.

Tafla 1

	Þurrefni	Meltanleiki LE	Hráprótein	Laust prótein	NH3-N	NDF	iNDF	Sykur	Aska
		% af lífrænu efni	g/kg þe.	g/kg CP	gN/kgN	g/kg þe.	g/kg NDF	g/kg þe	g/kg þe.
Viðmið		>75	140-180	400-600	<80	450-510	80-120	40-160	90-120
Holland	50%	77,5	171	621	75	465	117	107	79
Hvanneyri	54%	77,5	155	455	36	514	89	75	69

Ef við skoðum næst það sem við fáum útreiknað á sýnin, þá er ekki alveg hægt að bera saman tölurnar frá Hvanneyri og Hollandi vegna þess að þær eru ekki reiknaðar með sama hætti enþá, en þegar rannsóknarstofan á Hvanneyri tengist NorFor rafrænt koma þau til með að fá AAT, PBV og orkugildið útreiknað frá NorFor líka.

AAT-innihaldið er gott í ár vegna þess að prótein-innihaldið er hátt og það er ekki eins auðmelt og oft áður. PBV-innihaldið er líka á góðu róli allajafna en stundum gerist það þó þar sem heildarpróteinið í heyinu er á meðaltali og þurrefnið frekar hátt að PBV verður of lágt. Það þýðir að það er ekki alveg nóg af próteini sem losnar strax í vömbinni. Þetta er sem sagt svolítið misjafnt á milli landsvæða og eins bara á milli bæja aðeins. Orkan er mikil í heyjunum í ár, hár meltanleiki, gott prótein, lítið ómeltanlegt tréni – allt þetta hjálpar til við að fá mjög góða niðurstöðu fyrir orkuna.

Tafla 2

	AAT	PBV	NEL	FEM
	g/kg þe	g/kg þe	MJ/kg þe	/kg þe
Viðmið	80-95	20-40	>6,2	0,85
Holland	91	31	6,44	
Hvanneyri	82	13		0,86

Gerjunin heppnaðist vel í ár en líklega má það einnig skýra af hærra þurrkstigi en oft áður. Það er alla jafna frekar lítil gerjun í gangi og mjög lítið um mikla smjörσύrugerjun.

Tafla 3

	Mjólkursýra	Ediksýra	Smjörσύra
	g/kg þe	g/kg þe	
Viðmið	40-100	12-30	<4
Holland	29,5	9,4	2,5
Hvanneyri	32,5	3,8	0

Steinefnin koma líka vel út í ár. Kalkið er flott, fosfórinn nær upp í viðmiðunargildin að meðaltali sem er miklu betra en undanfarin ár. Selenið er hátt að meðaltali en það er kannski ekki alveg að marka þar sem menn velja kannski frekar að fá selenið mælt á sýni þar sem notaður hefur verið selenbættur

áburður. En við sjáum greinilega mun á selen-niðurstöðum þar sem menn bera selenið á eða ekki og það hefur ekkert breyst að þar sem selen er ekki borið á þá bara vantar það í fóðrið.

Tafla 4

	Ca	P	Mg	K	Na	S	Se
	g/kg	g/kg	g/kg	g/kg	g/kg	g/kg	µg/kg
Viðmið	4,5-6,5	3,0-4,5	2,0-3,5	25-35	2-3	2-4	90-250
Holland	4,4	3,3	2,7	19,4	1,8	2,7	214
Hvanneyri	3,7	3,1	2,3	17,6	1,6	2,2	210

Ef við drögum þá aðeins saman helstu einkenni fóðursins í ár.

- Hátt meltanleiki
- Hátt prótein-innihald, stundum aðeins of hátt
- Minna laust próteinið en oft áður
- Ágætis NDF og passlegt iNDF
- Mjög gott AAT
- PBV á góðu róli, stundum hátt ef próteinið er mjög hátt í gróffóðrinu en stundum aðeins lágt ef próteinið er bara rétt í meðal
- Mjög góð orka
- Góð gerjun og fóðrið ætti að étast vel
- Steinefnin á mjög góðu róli

En hvað þýðir þetta þá og hvað þurfum við að hafa í huga við fóðrunina í vetur?

Við komumst af með aðeins lægra prótein í kjarnfóðrinu en það þarf kannski stundum að passa að tryggja auðmelt prótein þar sem PBV er mjög lágt. En mjög oft hentar vel að gefa bygg á móti miklu plöntupróteini og þar sem trénið er gott ögrar það vömbinni ekki óhóflega að setja inn bygg.

**Við þurfum að passa okkur á próteininu**, oft er mikið af því í boði og ef við ætlum að nota sömu kjarnfóðurtegund og í fyrra er líklegt að við séum að offóðra á próteini. En það þarf að tryggja prótein í kjarnfóðri sem passar á móti gróffóðrinu á hverjum stað. Þar sem PBV er hátt er gott að gefa bygg og velja frekar kjarnfóður með hægmeltu próteini eins og fiskimjöli eða meðhöndluðu plöntupróteini. En þar sem PBV er frekar lágt þarf kannski að passa að koma inn með auðmelt prótein líka frá kjarnfóðrinu.

**Súrdoði** er oft til vandræða, jafnvel þó gróffóðrið sé eins gott og núna. En þá er það líklega eitthvað í bústjórninni sem hefur þessi áhrif. Súrdoði er jú efnaskiptasjúkdómur sem orsakast af orkuskortum, en hvers vegna kýrnar upplifa orkuskort getur verið mjög mismunandi og fer oft eftir aðstæðunum sem þær eru hafðar í. Það getur vel verið að við séum að bjóða uppá mjög gott gróffóður og veljum kjarnfóður vandlega sem passar á móti, en samt fá kýrnar súrdoða. Þá er líklegt að aðgengi að gróffóðri sé á einhvern hátt ábótavant, komast nýbæurnar að því gróffóðri sem þær þurfa/vilja? Eða eyða þær óþarflega löngum tíma í biðraðir við fóðurganginn eða láta sig hafa það að éta úr rúllu sem hinar kýrnar vilja síður. Eins gæti verið sniðugt að skoða upptröppun á kjarnfóðri eftir burðinn. Það er mikilvægt að halda ekki aftur af þeim til að byrja með og trappa þær of hægt upp, en það er ekki þannig að meira sé endilega betra. Því ef við tröppum þær of hratt upp ögrum við vambarumhverfinu og þá verða kýrnar latar og éta minna gróffóður og vömbin súrnar og þær fá ekki þá orku sem þær þurfa og ættu að geta étið ef þeim liði vel.

Þegar gróffóðrið er svona gott er líka alltaf hætt við því að kýrnar verði feitar. Þær eru nefninlega mjög duglegar að koma og sækja sér gróffóður þegar líður á mjaltaskeiðið og þær éta meira en þær þurfa, það er alveg klárt. Þá þurfum við að passa vel kjarnfóðurgjöfina alveg strax frá upphafi, reyna að láta þær mjólka sem mest af gróffóðrinu svo þær séu ekki að fá of mikið kjarnfóður heldur þegar líður á mjaltaskeiðið. Geldar kýr þurfa ekki svona flott gróffóður eins og er í boði fyrir mjólkurkýrnar núna og því er mjög líklegt að geldar kýr verði feitar ef þær fá að vera með mjólkandi kúm í vetur.

Feitar kýr eiga í meiri hættu á efnaskiptasjúkdómum, þær verða „háðari“ kjarnfóðrinu eftir burðinn og þær eiga líka frekar við frjósemisvandamál að stríða. Svo það er til mikils að vinna með því að passa holdafarið í fjósinu og leyfa þeim ekki að verða of feitar.

Hérna er dæmi um helstu niðurstöður af gróffóðri fyrir mjólkurkýr annarsvegar og geldkýr hinsvegar. Þetta er mjög ólíkt fóður eins og sést. Við viljum að geldar kýr hafi nóg fóður sem gefur gott vambarfylli svo þær nýti vambarrýmið vel en verði ekki feitar af því.

	ME	CP	NDF	iNDF	Orka	CAB
Mjólkandi	79	170	460	80	6,4	250
Geldar	70	135	550	120	5,9	0

Berglind Ósk Óðinsdóttir

Ráðunautur í fóður

[boo@rml.is](mailto:boo@rml.is)